



LÖGMANNSSTOFA

# HELSTU BREYTINGAR Á LAGALEGU UMHVERFI RAFORKUVIÐSKIPTA

Halldór Jónsson, hrl., 18. nóvember 2005



LEX  
LÖGMANNSTOFA

# Raforkulög nr. 65/2003

- RAFORKUVINNSLA
- FLUTNINGUR OG KERFISSTJÓRNUN
- DREIFING
- RAFORKUVIÐSKIPTI
- EFTIRLIT
- GILDISTAKA 1. JANÚAR 2006
- REGLUGERÐIR



LEX  
LÖGMANNSSTOFA

# Aðilar í raforkuviðskiptum

1. Vinnslufyrirtæki
2. Flutningsfyrirtæki - Landsnet hf.
3. Dreifiveita
4. Sölufyrirtæki
5. Notandi
6. Sami aðili getur leikið fleiri hlutverk, þó ekki Landsnet hf.
7. Bókhaldslegur aðskilnaður hjá aðila með fleiri hlutverk



## Vinnslufyrirtæki

Vinnslufyrirtæki framleiðir raforku samkvæmt sölusamningum við sölufyrirtæki og samningum um stoðþjónustu við kerfisstjórn. Vinnslufyrirtæki stendur skil á greiðslum til flutningsfyrirtækis eða dreifiveitu vegna tengingar og innmötunar á flutningskerfið.



LEX  
LÖGMANNSSTOFA

# Flutningsfyrirtæki

Flutningsfyrirtæki flytur raforku, aflar kerfisþjónustu, reglunarorku og orku vegna tapa í flutningskerfi og annast uppgjör vegna jöfnunarorku.

Landsnet hf. er eina flutningsfyrirtækið.



## Dreifiveitur

Dreifiveita annast dreifingu þeirrar raforku sem kemur frá flutningskerfinu / vinnslufyrirtækjum til notenda á viðkomandi dreifiveitusvæði.

Dreifiveitu er m.a. skylt að tengja alla sem sækjast eftir því við dreifikerfið.

Dreifiveita útvegar þeim raforku sem ekki hafa valið raforkusala.

Dreifiveita þarf sérleyfi til dreifingar og hefur þá einkarétt og skyldu á því svæði.



LEX  
LÖGMANNSSTOFA

## Sölufyrirtæki

Sölufyrirtæki aflar þeirrar orku sem það endurselur.

Sérstakt leyfi þarf til að stunda raforkuviðskipti.

Notendur eiga frá og með 1. janúar 2006 rétt á að velja sér sölufyrirtæki.

Notendur geta sagt upp viðskiptum sínum við eitt sölufyrirtæki og gert samning við annað.



LEX  
LÖGMANNSSTOFA

## Val á sölufyrirtæki 1. janúar nk.

Gildandi samningar haldast.

Nýjir notendur fá skriflegar leiðbeiningar frá dreifiveitu um að þeir þurfa að velja sér sölufyrirtæki.

Dreifiveitu er óheimilt að vekja athygli á einu sölufyrirtæki umfram annað.





## Val á sölufyrirtæki frh.

Hafi ekkert sölufyrirtæki verið valið innan 4 vikna skal dreifiveita afla raforku fyrir notanda **með 50% álagi.**

Dreifiveita útvegar þeim, sem ekki eiga kost á að velja sölufyrirtæki, t.d. vegna vanskila, raforku með 50% álagi.



## Reikningar og innheimta

Heimilt er að innheimta saman raforkukostnað og gjald fyrir dreifingu hjá notendum.

Reikningur þarf að bera með sér þessa sundurgreiningu og skylt er að hafa féð aðskilið hjá innheimtuaðila (banka).

Einnig heimilt að innheimta í tvennu lagi.



LEX  
LÖGMANNSSTOFA

## Aðgerðir til að efla samkeppni

Nýjir notendur þvingaðir til að velja.

Gæðamál ekki á hendi sölufyrirtækja heldur  
vinnslufyrirtækja, flutningsfyrirtækis og  
dreifiveitu.

Skipti á sölufyrirtæki auðveld og án kostnaðar  
fyrir notanda.



LEX  
LÖGMANNSSTOFA

## samkeppni frh. og eftirlit

Bókhaldslegur aðskilnaður þeirra sem leika fleiri hlutverk.

Takmarkað upplýsingaflæði milli sviða þeirra sem leika fleiri hlutverk.

Eftirlit Orkustofnunar.

Eftirlit Samkeppnisstofnunar.